

# Kynning á breytingum á felldum kjarasamningi frá 2023

Byggt á samkomulagi VM  
og SFS 22. febrúar 2024



# Fundir um sölu afla uppsjávarskipa

- Fjórða málsgreinin, um sölu afla á uppsjávarskipum, sem var óbreytt í fellda samningnum frá samningum 2017, tekur breytingum.
- Úgerð ber að halda fund með áhöfn og fulltrúum stéttarféлага bæði við upphaf vertíðar og innan við tveimur mánuðum eftir að vertíð lýkur. Þar skal farið yfir og útskýrðar forsendur fyrir uppgjöri skipverja, sölunótur afurða sýndar og tilkynnt um leiðréttingar, þegar það á við.
- Áður var bara fundað með fulltrúum í úrskurðarnefnd fyrir verið.



# Fiskverð í viðskiptum tengdra aðila

Þessi grein (1.04.03 D) er eins og í fellda samningnum að öðru leyti en að undirmálsfiskur verður ekki talinn með við útreikning á vegnu meðalverði tegundanna. Undirmál gildi áður 3%.



*„Miða skal við að meðalverð í viðskiptum milli skyldra aðila á slægðum þorski, óslægðum þorski, slægðri ýsu og óslægðri ýsu miðist að jafnaði við 80% af vegnu meðalverði framangreindra tegunda á fiskmörkuðunum (bæði uppboðssölu og sölu framhjá klukku) síðustu þriggja mánaða fyrir verðlagningu, að frádregnum 5% uppboðskostnaði (skilaverð markaðar). Undirmálsfiskur skal ekki vera með við útreikning á vegnu meðalverði tegundanna.“*

# Hækkun kaupliða

- Kauptrygging fyrsta og annars vélstjóra er sú sama og í fellda samningnum.
- Við bætist að tímakaup vélstjóra mun breytast í samræmi við breytingar á launum vél- og iðnfræðinga eftir þriggja ára starf skv. kjarasamningi SA og VM.
- Þetta hefur í för með sér **36,1%** hækkun tímakaups vélstjóra frá 2019.
- Það er **13,3%** hærra tímakaup en í felldum samningi sl. vetur.

# Virkur vinnutími


- Tekinn er upp virkur vinnutími sem telst vera sá tími sem starfsmaður er við störf. Dagleg viðvera er virkur vinnutími að viðbættum hléum frá vinnu. Við upptöku virks vinnutíma eru 36 klst. greiddar að jafnaði á viku m.v. fullt starf.
- Þetta hefur í för með sér að yfirvinna hefst fyrr en áður.



# Tímakaup vélstjóra

Tímalaun vélstjóra hækka frá samningnum sem felldur var síðastliðið vor.  
Jafnframt verður tekin upp 36 stunda vinnuvika.

	Dagvinna (pr. klst.)	Yfirvinna (pr. klst.)	Vikukaup (mv. 36 klst.)
Yfirvélstjóri	4.489, -	8.080, -	161.604, -
1. vélstjóri	4.190, -	7.542, -	150.840, -
2. vélstjóri	4.190, -	7.542, -	150.840, -
Vélavörður	3.736, -	6.725, -	134.496, -



# Lífeyrisréttindi

- Hægt verður að velja á milli tveggja leiða en við undirritun kjarasamnings fara allir skipverjar sjálfkrafa í leið A.
- Framlag í lífeyrissjóð hækkar úr 12% í 15,5%.
- Sjómenn geta valið að fá 3,5% viðbótarframlag í lífeyrissjóð frá útgerðinni. Það þýðir að sjómenn gefa eftir hluta af skiptaverðinu fyrir 3,5% viðbótarframlagið.
- Þeir sem ekki vilja fá 3,5% aukið mótframlag í lífeyrissjóð frá útgerðinni geta valið leið B, og fá þá 0,5% hækkun á skiptaverðinu.
- Á mannamáli: Þetta er kjarabót fyrir skipverja og þeir fá á endanum hærri heildarlaun.

## Leið A - lífeyrisauki

Iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera 15,5% af öllum launum. Skal útgerð greiða 11,5% en sjómenn 4%.

## Leið B - kaupauki

Iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera 12% af öllum launum. Skal útgerð greiða 8 % en sjómenn 4%.



# Útreikningur á hlut

## Dæmi um 40 metra + skuttogara

	Aflaverðmæti	Hlutfall	Skipta%	Áhöfn	Hásetahlutur	Nettó	Með lífeyri 3,5%
Núgildandi samningur	1.500.000.000	0,7	0,279	15	19.530.000		
Nýr samningur + leið B	1.500.000.000	1,0	0,1967	15	19.670.000	+ 140.000 kr.	
Nýr samningur + leið A	1.500.000.000	1,0	0,1931	15	19.310.000	- 220.000 kr.	+ 455.850 kr.

- Hér má sjá hásetahlut samkvæmt gamla samningnum (í fyrstu línu) og þær breytingar sem verða með leið A og B samkvæmt nýjum kjarasamningi
- Með því að velja leið A hefur hásetinn 315.850 krónum meira út úr 1,5 milljarða króna aflaverðmæti, samanborið við þann sem velur leið B, þegar upp er staðið.





# Desemberuppbót

- Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að hér eftir verði full desemberuppbót greidd, séu lögskráningardagar 160 eða fleiri. Veikindadagar, fjarvistir vegna slysa telja með, sem og tímavinna í landi. 8 tímar í landi telst heill vinnudagur.
- Lausráðnir skipverjar fá hlutfall af desemberuppbót, hafi þeir að lágmarki náð 50 lögskráningardögum.
- Fjárhæð desemberuppbótar er sú sama og samkvæmt kjarasamningi SA og Starfsgreinasambandsins hverju sinni.



# Uppgjör

- Að loknu hverju kauptryggingartímabili skal útgerðarmanni skylt innan 15 daga að láta vélstjórum í té reikningsuppgjör, þ.e. sundurliðað fastakaup.
- Í því felst að samsetning einstakra launaliða er sundurliðuð, t.d. föst laun, laun vegna afls aðalvélar, starfsaldursálags ofl.
- Athugið: Í felldum samningi var einnig kveðið á um að veiðiferðir séu tilgreindar á launaseðli, aflaverðmæti og aflamagn hvernar tegundar, skipting í stærðarflokka og verð hvers flokks, skiptaverðmætishlutfall, skiptaprósenta, fjöldi í áhöfn og fjöldi lögskráningardaga. Þau ákvæði halda sér.

# Slysa- og veikindabætur

Við kafla um slysa og veikindabætur skipverja bætist grein þar sem fjallað er um veikinda- og slysarétt þeirra sem eru ráðnir tímabundið. Þeir njóta réttinda í veikindum og slysum eins og fastráðnir starfsmenn.

*Sé ekkert kveðið á um róðra- og launafyrirkomulag í ráðningarsamningi, hvort sem um tímabundinn eða ótímabundinn ráðningarsamning er að ræða, fær skipverji staðgengislaun að hámarki í 60 almanaksdaga á allt að 120 almanaksdaga tímabili. Það tímabil skal ekki klippast í sundur, nema viðkomandi hafi tilkynnt um og fengið leyfi á tímabilinu og því sannanlega ekki átt að vera á sjó.*



# Skiptaprósenta - breytingar

- Í felldum samningi var ákveði um að heimilt væri að lækka skiptaprósentu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í samningsdrögunum er orðinu lækka breytt í breyta.
- Tekið er út ákvæði um að bættur aðbúnaður áhafnar geti verið forsenda lækkunar á skiptaprósentu.
- Þriggja manna nefnd kemur í stað gerðardóms sem kveðið var á um í felldum samningi, komi fram ósk um breytta skiptaprósentu. SFS skipar einn fulltrúa, samtök sjómanna einn og einn skipa aðilar sameiginlega.



# Uppsögn samnings

- Samningurinn er uppsegjanlegur eftir 5 ár með 12 mánaða fyrirvara og aftur eftir 7 ár með 6 mánaða fyrirvara að undangenginni atkvæðagreiðslu.
- Í báðum tilvikum með þátttöku a.m.k. 50% sjómanna á kjörskrá og að aukinn meirihluti þeirra sem kjósa samþykki uppsögn.
- Í grein 1.55 er kveðið á um hvaða forsendur þurfa að vera til staðar og hvaða verklag fer í gang, komi til þessa.



# Gildistími



- Samningurinn gildir til 31. desember 2033 og fellur þá út gildi án atkvæðagreiðslu.
- Samningsaðilar geta sagt upp samningnum frá 31. desember 2028 með tólf mánaða fyrirvara. Hann fellur þá úr gildi ári síðar.
- Þeir geta aftur sagt honum upp fyrir 31. desember 2030 og þá með sex mánaða fyrirvara. Hann fellur þá úr gildi 30. júní 2031.
- Kveðið er á um að helmingur sjómanna innan VM þurfi að taka þátt í atkvæðagreiðslu og að tveir þriðju hluti (67%) þurfi að fella samninginn, eigi uppsögn að taka gildi.
- Þátttaka í kosningum VM hefur ávalt náð því viðmiði.

Takk fyrir!

